

# 32. fundur bæjarstjórnar

32. fundur bæjarstjórnar Árborgar, kjörtímabilið 2010-2014, haldinn miðvikudaginn 19. september 2012 kl. 17:00 í Ráðhúsi Árborgar, Selfossi.

Neðanskráðir bæjarfulltrúar eru mættir:

Ari Björn Thorarensen, D-lista, forseti bæjarstjórnar,  
Eypór Arnalds, D-lista,  
Sandra Dís Hafþórsdóttir, D-lista,  
Gunnar Egilsson, D-lista,  
Kjartan Björnsson, varamaður, D-lista,  
Helgi Sigurður Haraldsson, B-lista,  
Eggert Valur Guðmundsson, S-lista,  
Arna Ír Gunnarsdóttir, S-lista,  
Þórdís Eygló Sigurðardóttir, V-lista

Auk þess situr fundinn Ásta Stefánsdóttir, framkvæmdastjóri, og Rósa Sif Jónsdóttir sem ritar fundargerð.

Forseti bæjarstjórnar setti fundinn.

## Dagskrá:

### I. Fundargerðir til staðfestingar

1. a) 105. fundur bæjarráðs ( 1201001 )  
frá 23. ágúst
2. a) 1202236  
Fundargerð  
fræðslunefndar 23. fundur  
frá 23. ágúst
- b) 106. fundur bæjarráðs ( 1201001 )  
frá 30. ágúst
3. a) 107. fundur bæjarráðs ( 1201001 )  
frá 6. september

4.	a)	1201019 Fundargerð félagsmálanefndar	20.
		fundur frá 3. september	
			21.
		fundur frá 5. september	
	b)	1201020	
		Fundargerð framkvæmda- og veitustjórnar	39.
		fundur frá 4. september	
	c)	1201024	
		Fundargerð skipulags- og byggingarnefndar	28.
		fundur frá 5. september	
	d)	108. fundur bæjarráðs ( 1201001	
		) frá 13.september	

**Úr fundargerð skipulags- og byggingarnefndar, til afgreiðslu:**

– liður 16, málsnr. 1106045 – Tillaga að breyttu aðalskipulagi og deiliskipulagi búgarðabyggðar í Byggðarhorni, lagt er til að tillagan verði kynnt í samræmi við 2. málsgrein 30. greinar skipulagslaga.

– liður 1 a) Arna Ír Gunnarsdóttir, S-lista, tók til máls um fundargerð bæjarráðs frá 23. ágúst, lið 10, málsnr. 1208004 – Málefni Gráhelluhverfis.

Eypór Arnalds, D-lista, og Eggert Valur Guðmundsson, S-lista, tóku til máls.

– liður 2 b) Arna Ír Gunnarsdóttir, S-lista, tók til máls um fundargerð bæjarráðs frá 30. ágúst, lið 6, málsnr. 1206085 – Erindi íbúa við Hlaðavelli varðandi umferð um Hlaðavelli og farfuglaheimilið Austurvegi 28.

Ásta Stefánsdóttir, framkvæmdastjóri, tók til máls.

– liður 3 a) Eggert Valur Guðmundsson, S-lista, tók til máls um fundargerð bæjarráðs frá 6. september, lið 7,

málsnr. 1201041 – Lóðarumsókn Kapólsku kirkjunnar.

Eybór Arnalds, D-lista, og Arna Ír Gunnarsdóttir, S-lista, tóku til máls.

– liður 6 a) Eybór Arnalds, D-lista, tók til máls um fundargerð bæjarráðs frá 6. september, lið 6, málsnr. 1209008 – Ályktun um hækkun virðisaukaskatts á ferðapjónustu.

Arna Ír Gunnarsdóttir, S-lista, tók til máls.

– liður 6 a) Arna Ír Gunnarsdóttir, S-lista, tók til máls um fundargerð bæjarráðs frá 6. september, lið 3, málsnr. 1004111 – Skipan starfshóps um framtíðarhlutverk Tryggvaskála- og lagði fram eftirfarandi bókun:

Eftirfarandi tillaga var samþykkt samhljóða á bæjarstjórnarfundi þann 10. mars 2010 :

„Bæjarstjórn Árborgar samþykkir að þegar verði hafinn undirbúningur að stofnun Árborgarstofu.

Árborgarstofa (vinnuheiti) hafi það meginhlutverk að annast menningar-, kynningar- og markaðsmál sveitarfélagsins auk þess sem ferða- og atvinnumál heyri undir hana. Upplýsingamiðstöð Árborgar sem nú er staðsett í Bókasafni Árborgar á Selfossi verði hluti af starfsemi Árborgarstofu. Leitað verði eftir nánu samstarfi og samvinnu við Skálafélagið ses. um að Árborgarstofa verði staðsett í Tryggvaskála á Selfossi. Formleg opnun Árborgarstofu verði eigi síðar en vorið 2011.

Árborgarstofa verði uppbyggð og starfrækt með sambærilegum hætti og Akureyrar-, Akranes- og Höfuðborgarstofa. Stofan verði í nánu samstarfi við Markaðsstofu Suðurlands og Atvinnuþróunarfélag Suðurlands sem og hafi náið samráð og samstarf við einkaaðila, félagasamtök og fyrirtæki á svæðinu, sem eiga sameiginlega hagsmuni með starfsemi Árborgarstofu.

Bæjarstjórn felur verkefnisstjóra íprótta- forvarnar- og menningarmála að vinna að undirbúningi að stofnun Árborgarstofu. Fjármagn til verkefnisins á árinu 2010 byggist á vinnuframlagi verkefnisstjóra, fjármagni sem gert er ráð fyrir í fjárhagsáætlun til kynningarmála, auk þess sem gert er ráð fyrir því að verkefnisstjóri leiti eftir styrkjafjármagni til verkefnisins í sjóði sem gætu komið að og styrkt starfsemi Árborgarstofu.

Tillagan var borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða.“

Með hliðsjón af þessu er það sérstakt fagnaðarefni að nú hafi verið skipað í starfshóp um framtíðarhlutverk hins sögufræga húss, Tryggvaskála. Undirrituð telja að miklir möguleikar geti falist í því að koma öflugri starfsemi í húsið sem allra fyrst, íbúum og gestum sveitarfélagsins til heilla.

Arna Ír Gunnarsdóttir, S-lista.

Eggert Valur Guðmundsson, S-lista.

Eyþór Arnalds, D-lista, tók til máls.

– liður 4 b) Eggert Valur Guðmundsson, S-lista, tók til máls um fundargerð framkvæmda- og veitustjórnar frá 4. september, lið 4, málsnr. 1207083 – Fjárfestingaráætlun 2013

Eyþór Arnalds, D-lista, tók til máls.

– liður 4 d) Arna Ír Gunnarsdóttir, S-lista, tók til máls um fundargerð bæjarráðs frá 13. september, lið 10, málsnr. 1109126 – Ytra mat á skólafélagi.

Eyþór Arnalds, D-lista, tók til máls.

– liður 4 c) Sandra Dís Hafþórsdóttir, D-lista, tók til máls um fundargerð skipulags- og byggingarnefndar, lið 7, málsnr. 1208119 – Óskað eftir leyfi fyrir landnámsmshænum að Hafnartúni Selfossi.

Ari Björn Thorarensen, forseti bæjarstjórnar, tók til máls.

– liður 4 c) Fundargerð skipulags- og byggingarnefndar – liður 16, málsnr. 1106045 – Tillaga að breyttu aðals- og deiliskipulagi búgarðabyggðar í Byggðarhorni. Lagt er til að tillagan verði kynnt í samræmi við 2. málsgrein 30. greinar skipulagslaga.

– Tillagan var borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða.

Fundargerðirnar voru bornar undir atkvæði og samþykktar samhljóða að undanskildum þeim lið sem áður hafði verið samþykktur.

### **I. 1205357 Breyting á fulltrúum í undirkjörstjórn**

Lagt er til að Elvar Ingimundarson verði kosinn aðalmaður í undirkjörstjórn 2 í stað Ingibjargar Jóhannesdóttur.

Tillaga var borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða.

### **II. 1201103 Kosning varamanns í hverfisráð Eyrarbakka**

Lagt er til að Ívar Örn Gíslason verði varamaður í stað Baldurs Bjarka Guðbjartssonar í hverfisráði Eyrarbakka.

Tillagan borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða.

### **III. 1209099 Kosning í embætti og nefndir 2012**

a) 1 aðalfulltrúi á aðalfund SASS

b) 2 varafulltrúar á aðalfund SASS

a) Lagt er til að Ásta Stefánsdóttir verði aðalfulltrúi í stað Kjartans Björnssonar á aðalfundi SASS og Kjartan verði 1. varafulltrúi.

b) Lagt er til að Árni Gunnarsson verði varamaður í stað Erlings Rúnars Huldarssonar á aðalfundi SASS.

Tillaga borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða.

Fleira ekki gert. Fundargerðin lesin upp og fundi slitið kl.  
17:40

Eyþór

Arnalds

Kjartan Björnsson

Ari Björn Thorarensen

Sandra Dís Hafþórsdóttir

Gunnar

Egilsson

Helgi Sigurður Haraldsson

Eggert Valur Guðmundsson

Arna Ír Gunnarsdóttir

Þórdís Eygló Sigurðardóttir

Ásta Stefánsdóttir, framkvæmdastjóri

Rósa Sif Jónsdóttir, ritari